


Stefna í umhverfis-, orku-, heilbrigðis- og öryggismálum


Við erum staðráðin í því að standa vörð um umhverfið og hafa sjálfbærni að leiðarljósi í orkunotkun og nýtingu náttúruauðlinda. Þetta á jafnt við um framleiðsluferli okkar og vörur. Umhverfismat á vörum okkar hefst strax á þróunarstiginu. Markmið okkar er að gera enn betur en okkur er skylt í því að koma í veg fyrir mengun, eða minnka hana eins og kostur er, auk þess að draga úr orkunotkun eins og hægt er innan þess efnahags- og tækniramma sem við störfum. Heilbrigði og öryggi á vinnustað er hluti af fyrirtækjamenningu okkar og ábyrgð sem við öxlum gagnvart starfsfólki okkar.

Stefnumið í umhverfis-, orku-, heilbrigðis- og öryggismálum

1. Við vinnum stöðugt að því að draga úr álagi á umhverfið, lágmarka áhættu og draga úr orku- og auðlindanotkun, umfram það sem okkur er skylt lögum samkvæmt.
2. Við gerum viðeigandi varúðarráðstafanir til að forðast umhverfisskaða og koma í veg fyrir umhverfisspjöll.
3. Möguleg umhverfisáhrif eru metin og tekin til greina sem fyrst í framleiðsluferlinu.
4. Með því að beita virkri umhverfis-, orku- og vinnuöryggisstjórnun tryggjum við framkvæmd þessarar stefnu. Fylgst er með viðkomandi skipulags- og tækniferlum og þeir eru í stöðugri þróun.
5. Farið er fram á að hver starfsmaður sé meðvitaður um umhverfið. Það er á ábyrgð stjórnenda að efla meðvitund um umhverfisábyrgð, orkunotkun og vinnuöryggi á öllum stigum.
6. Við vinnum með samstarfsaðilum okkar að því að ná slíkum markmiðum. Við veitum viðskiptavinum okkar upplýsingar um hvernig þeir geti lágmarkað hugsanleg umhverfisspjöll þegar þeir nota vörur okkar.
7. Við erum fús til þess að starfa með þar að lútandi yfirvöldum.
8. Við látum almenning vita af umhverfisáhrifunum af starfsemi fyrirtækisins og starfsemi okkar hvað varðar umhverfið og vinnuöryggi.
9. Öruggt, heilbrigt og þægilegt vinnuumhverfi er forgangsatriði hjá okkur. Öllum starfsmönnum er skylt að fylgja öryggisreglum í starfi sínu. Við uppfylfum allar lagalegar kröfur og kröfur sem varða heilsu og öryggi í starfi.
10. Við grípum til fyrirbyggjandi aðgerða til að forðast vinnuslys og heilsubresti og vinnum stöðugt að því að bæta eftirlitskerfi og frammistöðu hvað varðar heilsu og öryggi í starfi.
11. Við kaupum orkusparandi vörur, vélar og þjónustu til þess að bæta orkunýtingu okkar.



(Akureyri, Feb 23, 2016, Emanuel Sæiu)



(Akureyri, Feb 23, 2016, Rúnar Sigurpálsson)